samþykkt á aðalfundi sínum 10.—13. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut- 58
aðeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 26. marz 1897.

Kl. Jónsson.

Skýrsla

um hundalækningar í hreppi í apríl 18

Heimili.	Eru margir hundar á heimilinu?	Var mörgum hundum gefið inn?	Á hve marga hunda verkaði meðalið?	Komu bandormar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Athugasemdir.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu* **um styrk til gufu-** 59
bátsferða í Vestfirðingafjórðungi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., hafið 7. apríl
þjer, herra sýslumaður, jafnframt því að skýra frá því, að sýslunefndin í Norðurísafjarðarsýslu hafi veitt 800 króna styrk úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á komandi sumri, farið þess á leit að jeg af fje því, er í núgildandi fjárlögum er ætlað til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi veitti, 2400 kr. til móts við nefnda upphæð.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjer með af fje því, er ræðir um í 12. gr. C. b. í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 veiti til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á komanda sumri $^3/_4$ á móti $^1/_4$ úr hlutaðeigandi sýslusjóði, allt að 2400 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa Staðarbakkapresta-** 60
kalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í 12. apríl
þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess að presturinn að Staðarbakka, síra Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson, taki 1000 kr. embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til þess að gjöra varnargarð fyrir austan norðurhluta túnsins og fyrir norðan svo kallaðan Veituflóa, er liggur fyrir norðan og ofan túnið, og nátthaga á eyri fyrir neðan túnið. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, *að* tekinn verði að eins fyrri helmingur lánsins þegar í stað, en síðari helmingurinn, þeg-